

## Fréttir af RTR

Ráðið hefur verið í RTR starfið í Félagsþjónustunni í Síðumúla sem auglýst var laust frá 15. apríl. Kjartan Emil Sigurðsson var ráðinn í starfið og hefur verið í þjálfun vegna þess síðastliðna viku. Við óskum Kjartani velfarnaðar í nýju starfi.

**Hulda Ósk Traustadóttir** sem áður gegndi RTR starfinu í Félagsþjónustunni hefur verið ráðin í hálf dagsvinnu við hjúkrunarheimilið Seljahlíð í Breiðholti. Félagar og starfsfólk Geysis óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

## Heilsugöngur í hádeginu

Sú hugmynd var viðruð á húsfundi 26. apríl sl. hvort ekki gæti verið öflugt fyrir líkama og sá að þeir klúbbfélagar og starfsfólk sem áhuga hefðu færur í stuttar gönguferðir í hádeginu. Hugmyndin er að leggja af stað kl. 12.00 og vera komin aftur um 12.30 og setjast þá að snæðingi. Við hvetjum alla gönguglaða til að taka þátt.

## Gjafir til Geysis

Í apríl mánuði gáfu Íslenskar lyfjarannsóknir ehf. Klúbbnum Geysi tölvuskjái, tölvur og skápa. Þessar gjafir munu nýtast klúbbnum vel, ekki síst þar sem til stóð að endurnýja tölvukost klúbbsins. Klúbburinn Geysir þakkar af einlægni þann góða hug sem að baki gjöfinni býr og óskar gefendum velfarnaðar í framtíðinni.

Klúbburinn Geysir er opin alla virka daga frá kl. 08.30 - 16.00, nema föstudaga er lokað kl. 15.00.

## Fram undan í maí

**Fimmtudagur 4. maí**  
Opíð hús til kl. 20.00  
Allir að mæta

**Laugardagur 6. maí**  
Hugarflugsdagur  
Mæting kl 10.00

**Fimmtudagur 11. maí**  
Ganga og kaffihús. Lagt af stað frá Geysi kl 16.15

**Miðvikudagur 17. maí**  
Aðstandendadagur.  
Opíð frá 09.00 til 18.00

**Fimmtudagur 25. maí**  
**Uppstigningardagur**  
**Lokað í Geysi**

### Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum félagana til að mæta á fundina.

### Húsfundir!

Húsfundir eru nú á breyttum tímum. Mánudaga kl. 09:00 og miðvikudaga kl. 14:30. Ef félagar vilja hafa áhrif og koma sjónarmiðum sínum á framfæri eru húsfundir rétti vettvangurinn til að taka þátt í mótun starfsins.  
Allir að mæta!!!

5. tölublað, maí 2006

# Litli Hver

## Námskeið í markmiðssetningu

Miðvikudaginn 26. apríl var haldið námskeið í markmiðssetningu í Geysi. Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun hélt námskeiðið. Ingrid hefur áður verið með sambærileg námskeið fyrir félagana í klúbbnum. Námskeiðið var vel sótt og tókst mjög vel. Á myndinni til hægri sést Ingrid leiðbeina fundarmönnum, sem fylgjast með af áhuga.



## Heimsókn frá Stokkhólmi

Björn Asplund framkvæmdastjóri Fountain House í Stokkhólmi og Iris Lövnord félagi og starfsmaður úttektaarnefndar ICCD komu við á Íslandi á leið sinni til Svíþjóðar eftir að hafa verið á fjárflyunarfundi ráðgjafastjórnar ICCD í New York. Björn og Iris eru Geysisfélögum að góðu kunn en þau hafa bæði komið til Íslands áður, auk þess sem nokkrir félagar og starfsfólk Geysis heimsóttu Fountain House í Stokkhólmi haustið 2004. Björn og Iris fóru meðal annars í Bláa Lónið, en myndin hér að ofan er tekin í aðkomunni að lóninu. F.v. Guðrún, Iris, Björn og Benni.



Skipholt 29, 105 Reykjavík  
Sími: 551-5166, fax: 551-5136  
Netfang: kgeysir@kgeysir.is  
Veffang: www.kgeysir.is

# Páska- mál- tíðin

Laugardaginn 15. apríl sl. var árleg páska-máltíð Geysis snædd að viðstöddu fjölmenni, en tæplega þrjátíu manns komu í veisluna og átti góða stund saman. Húsið var opnað kl. 10.00 og byrjað á því að undirbúa páskamatinn. Margar



Kristinn sker niður steikina



Tryggvi undirbýr veisluna.

hendur unnu létt verk og fyrr en varði var sest að borðum yfir létt lime marineruðum rækju- kokteil sem forrétt, en í kjölfarið fylgdi lambasteik al la Lone, sem rann ljúflega niður með þjóðlegu páskablandi að hætt Myramanna. Í lokin var svo drukkið kaffi útdelilt páskaeggjum samkvæmt hefð, spjallað trúlega margt og skipst á páskabröndurum.

## Skráið ykkur í þjálfun

Vikurnar 3. til 21. júlí munu tveir starfsmenn, tveir félagar og einn stjórnarmaður fara í þjálfun í hugmyndafræði Fountain House. Haldið verður til London þar sem Mosaic klúbbhúsið mun verða vinnu- og verkþjálfunarstaður hópsins. Þeir starfsmenn sem fara eru Kristinn og Þórunn. Enn þá á eftir að velja félagar til að fara í þjálfun og er hér skorað á þá sem hafa áhuga á að efla sig og styrkja í hugmyndafræði Fountain House að skrá sig fyrir 5. maí. Sérstök valnefnd mun sjá um að meta umsækjendur og hæfni þeirra. Skilningur og hæfni til að tjá sig og halda uppi samræðum á ensku er kostur. Allir sem áhuga hafa á Fountain House módelinu eru þó hvattir til að skrá sig.

# Hugarflugsfundur

Hugarflugsfundur verður haldinn í Geysi laugardaginn 6. maí frá kl. 10.00 til 13.00. Dagskráin hefst með morgunmat frá 10.00 til 11.00, en síðan verður gengið til fundar.

Tilgangurinn er að fá félagar, stjórnarmenn og starfsmenn til þess að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri klúbbsins.

Niðurstaða hugarflugsins verður síðan dregin saman og notuð til þess að vinna að stefnumótun fyrir klúbbinn. Nú er tækifærið til þess að hafa virk áhrif á framtíðarsýn klúbbsins og vert að hvetja félagar til þess að láta nú til sín taka í langtímastefnumótun.

Allir að mæta!!

## Elín boðin velkomin

Elín Sigurðardóttir nýr starfsmaður í Geysi hóf störf 3. apríl síðastliðinn. Elín er félags- og kynjafræðingur að mennt. Hún starfaði áður hjá Tryggingastofnun ríkisins. Félagar og starfsfólk bjóða Elínu velkomna til starfa.



Elín Sigurðardóttir

## Vorferðin til London

Undirbúningur vegna vorferðar Geysis til London hefur gengið með ágætum, en 16 félagar og 2 starfsmenn fara í ferðina. Hópurinn mun funda í vikunni, þar sem farið verður yfir nauðsynleg undirbúningsatriði.

# Fréttir af húsfundum

**3. apríl:** Rætt var um viðmiðunarreglu nr. 15, hvort sérfræðimeðferð megi eiga sér stað utan vinnumiðaðs dags í klúbbnum. Ekki stætt á því. Leita skal eftir henni utan klúbbsins. Beiðni frá Stokkhólmshúsi um gistingu fyrir tvo 22. og 23. apríl. Að sjálfstögðu var það velkomið.

**5. apríl:** Rætt um að óparfa pressa gæti skapast ef klúbburinn tæki að sér verkefni frá aðilum utan klúbbsins. Tryggvi Garðarsson hóf störf hjá Glitni. Vegleg páskaveisla verður haldin laugardaginn fyrir páska þar sem boðið verður upp á rækjukokteil og lamb.

**10. apríl:** Fólk var minnt á að skrá sig í páskamatinn svo og í undirbúning hans. Lögð var fram tillaga að heimasíðu – útliti og líkum. Auka hnappa um starfið t.d. fundargerðir. Setja inn fréttahnapp að síðan sé lifandi og veki áhuga þeirra sem koma inn á hana.

**12. apríl:** Hugarflugsdagur. – Boðað til undirbúningsfundar. Ákveðið að hafa hugarflugsfund 6. maí sem er laugardagur. Myndun kynningarhóps sem fer á deildir. Kemur sér vel að bréf hefur borist frá nýráðnum fulltrúa notenda. Vekja upp kynningarhóp og jafnvel fá fleiri með. Rætt var um að hafa boð fyrir gamla félagar. Miðvikudaginn 17. maí verður kynningardagur fyrir aðstandendur. Gjafastefna klúbbsins er að taka ekki við öllu sem fólk vill gefa. Gjafabréf – Eignaskráning.

**18. apríl:** Páskamaturinn tókst mjög vel. Mæting var samt ekki í samræmi við skráningu sem er ekki nógu gott. Rætt var um íþróttakappleiki og að félagar sem hafa áhuga fari saman á slíka viðburði.

**19. apríl:** Áframhaldandi umræður um Hugarflugsdaginn. Dagskrá fyrir maí-

mánuð rædd m.a. opið hús 4. maí og Aðstandendadagur sem haldinn verður 18. maí. Fólk var hvatt til að skrá sig í undirbúningshópinn fyrir þann dag. Hreingerningardagur fyrirhugaður 16. maí. Hugmynd kom að halda pizzuparty eftir þrífín. Ákveðið var að halda fund til að ræða ferðatilhögun Londonferðar.

**24. apríl:** Á fundinum kom fram ábending um málþing í Laugarneskirkju þar sem fjalla á um loforð þingmanna um úrbætur í málefnum geðsjúkra. Sagt var frá komu Svíanna Björns og Iris. Lesið var upp bréf frá þeim og bent á góð áhrif slíkra samskipta og heimsóknna. Rætt um að efla samstarf við erlenda klúbba og sækja um styrki tengda því.

**26. apríl:** Rætt um að koma á fót hópi innan Geysis sem tæki að sér umsjón, uppfærslur, endurskoðun og þýðingar viðmiðunarreglnanna. Samþykkt að auglýsa eftir áhugasömum félögum í

## Kynningar- og aðstandendadagur

Miðvikudaginn 17. maí verður haldinn kynningar- og aðstandendadagur í Geysi. Frá kl. 09.00 til 18.00. Slíkur dagur hefur verið haldin undanfarin ár og vakið verðskuldaða athygli. Í ár verður hefðbundin dagskrá í starfi klúbbsins, utan þess að farnar verða kynningarferðir um húsið með hópa sem þess óska, auk þess sem kynning á klúbbnum verður á tjaldi á þriðju hæðinni. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti sem selt verður við vægu verði og rennur allur ágóði til styrktar Geysi.

Skorað er á félagar í Geysi að efla tengsl aðstandenda við klúbbinn og bjóða þeim að heimsækja hann.